



Reykjavík, 2. apríl 2024

MSS24030117

Borgarráð

### **Samstarfssamningur og samstarfsyfirlýsing um rekstur Fab Lab Reykjavík**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samning og samstarfsyfirlýsingu við Fjölbautaskólann í Breiðholti, háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið, um samstarf um rekstur stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík. Samningurinn er til þriggja ára og gildir til ársloka 2026. Árlegt framlag Reykjavíkurborgar samkvæmt samningnum er 16.500.000 kr., samtals 49.500.000 kr. á samningstímanum, sem færast á kostnaðarstað R3400, verkefni F3485. Framlag Reykjavíkurborgar fer í að greiða launakostnað tveggja starfsmanna í fullu starfi. Gert er ráð fyrir framlagi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 í fjárhagsáætlun þessa árs en framlög vegna áranna 2025 og 2026 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlana.

#### *Greinargerð*

Fab Lab Reykjavík er hluti af Fab Lab Ísland og var opnað 24. janúar 2014. Reykjavíkurborg hefur stutt við Fab Lab Reykjavík frá stofnun smiðjunnar. Síðastliðin þrjú ár hefur styrkurinn farið í að standa straum af kostnaði við tvo starfsmenn smiðjunnar í fullu starfi.

Fab Lab Reykjavík er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis og Fjölbautaskólans í Breiðholti með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis. Verkefnið felst í að reka stafræna smiðju sem styður við nýsköpunarhugmyndir meðal almennings, innan menntastofnana og í atvinnulífinu.

Fab Lab Reykjavík er staðsett í Fjölbautarskólanum í Breiðholti og er hluti af skapandi samfélagi Breiðholts. Með öflugum samstarfi hefur Fab Lab Reykjavík vaxið og hefur nú sex starfsmenn sem styðja við sköpunarkraft borgarbúa, þróa nýsköpunarhugmyndir og efla tæknilæsi.

Markmið Fab Lab Reykjavík er að efla nýsköpun í samfélaginu. Til að ná markmiðum okkar leggjum við áherslu á að efla nýsköpun í menntun, styðja við vöruþróun fyrirtækja og hlúa að nýjum hugmyndum hjá fólki á öllum stigum samfélagsins. Fab Lab myndar þannig skemmtilegt skapandi samfélag með fjölbreyttum hópi fólks sem á það sameiginlegt að vera forvitin, lausnamiðuð og þor til að prófa.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Samstarfssamningur um rekstur stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík.

Samstarfsyfirlýsing um rekstur stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík.



**Reykjavík**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (hér eftir FB), kt. 590182-1099, Reykjavíkurborg (hér eftir RVK), kt. 530269-7609, háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið (hér eftir HVIN), kt. 710122-0830, og mennta- og barnamálaráðuneytið (hér eftir MRN), kt. 460269-2969, hér eftir sameiginlega nefndir samstarfsaðilar gera með sér eftirfarandi

## **Samstarfssamning**

um rekstur stafrænnar smiðju, Fab Lab Reykjavík, í húsnæði FB, Austurbergi 5.

### **1. gr.**

#### **Markmið samningsins**

Markmið samningsins er að skilgreina samstarf og hlutverk samstarfsaðila varðandi rekstur stafrænnar smiðju undir heitinu Fab Lab Reykjavík.

### **2. gr.**

#### **Markmið verkefnisins**

Markmið með starfsemi Fab Lab Reykjavík er að auka þekkingu og leikni nemenda, kennara, almennings, frumkvöðlum og fyrirtækjum á persónumiðaðri nýsköpunarvinnu og stafrænum framleiðsluaðferðum. Verkefninu er ætlað að styðja við þátttöku og áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum samhliða því að auka tæknilæsi, skapandi starf og frumkvöðlamennt. Markmið verkefnisins er enn fremur að skapa vettvang fyrir þróun og prófun hugmynda og efla þannig samkeppnishæfni í nærsamfélagi.

Fab Lab Reykjavík er hluti samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi og tengist jafnframt alþjóðaneti Fab Lab smiðja, Fab Foundation við Massachusetts Institute of Technology (MIT). Þeim samstarfsvettvangi er ætlað að tryggja þekkingaryfirfærslu og faglega þróun starfsmanna smiðjanna.

### **3. gr.**

#### **Hlutverk Fjölbrautarskólans í Breiðholti**

FB ber ábyrgð á starfsemi Fab Lab Reykjavík og hefur umsjón með daglegum rekstri smiðjunnar, greiðir reikninga og innheimtir gjöld. Forstöðumaður Fab Lab Reykjavík er starfsmaður FB. Hann skipuleggur og stýrir starfsemi smiðjunnar í umboði skólameistara. FB leggur til húsnæði fyrir starfsemi Fab Lab Reykjavík og greiðir fyrir rekstur húsnæðis, en það felur í sér húsaleigu, net- og samskiptakostnað, vatn og hita, sorphirðu, rafmagn, þrif og öryggismál. FB hefur umsjón með viðhaldi véla og tækja.

FB mun bjóða upp á einingabært nám í Fab Lab Reykjavík. Kennarar sem koma að kennslu í áföngum Fab Lab Reykjavík gera það á kostnað og ábyrgð FB.

Aðstaða og tækjabúnaður Fab Lab Reykjavík verður aðgengileg almenningi í opnum tímum sem Fablab Reykjavík skal auglýsa sérstaklega. Einnig geta kennarar í grunn- og framhaldsskólum borgarinnar nýtt aðstöðuna til kennslu námshópa og til endurmenntunar eftir nánara samkomulagi við Fab Lab Reykjavík.

### **4. gr.**

#### **Fjárhagslegt framlag Reykjavíkurborgar**

RVK skal greiða árlega 16,5 milljónir króna (kr. 16.500.000-) til verkefnisins, alls 49,5 milljónir króna (kr. 49.500.000-) á samningstímanum. Þeim fjármunum verður varið til að greiða laun tveggja starfsmanna í fullum stöðum. Fjárheimild vegna samningsins skal tekin af kostnaðarstað R3400, verkefni F3485.

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og framlög RVK vegna árána 2025 og 2026 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlana. Að því er varðar Reykjavíkurborg annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara umsjón og eftirlit með framkvæmd samkomulags þessa.

#### **5. gr.**

##### **Fjárhagslegt framlag háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins**

HVIN skal greiða árlega 14 milljónir króna til FB, alls 42 milljónir króna á samningstímanum. Þessir fjármunir skulu nýttir til að standa straum af rekstri Fab Lab Reykjavík. Greitt verður af fjárlagalið 04-528 í tveimur jöfnum greiðslum á ári; 1. mars kr. 7 milljónir og 1. september kr. 7 milljónir.

Í upphafi samningstímans greiðir HVIN 2.000.000 m. kr. til smiðjunnar. Upphæðin er ætluð til tækjakaupa og / eða þjálfunar starfsfólks í notkun á nýrri tækni og skal nýtt á samningstímanum. Gera skal grein fyrir hvernig upphæðin er nýtt í ársskýrslum.

HVIN leggur fjárhæðir samkvæmt samningi þessum inn á bankareikning í Íslandsbanka 537-26-50161. Reikningseigandi er FB, kt. 590182-1099.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um að taki fjárheimildir málasviðs og málaflokks breytingum í fjárlögum, sem hafi för með sér breytta fjárveitingu til verkefnisins munu samningsaðilar taka upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Ef gerðar eru almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til tiltekens málaefnasviðs þá er ráðuneytinu heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk samningsaðila.

#### **6. gr.**

##### **Fjárhagslegt framlag mennta- og barnamálaráðuneytisins**

MRN leggur FB árlega til 10 milljónir króna, alls 30 milljónir króna á samningstímanum, sem nýttar skulu til reksturs Fab Lab Reykjavík. Greiðslur til FB koma í gegnum fjárlög á málaflokki 20.10 Framhaldsskólar.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um að taki fjárheimildir málasviðs 20 Framhaldsskólastig og málaflokks 20.10 Framhaldsskólar breytingum í fjárlögum, sem hafi för með sér breytta fjárveitingu til verkefnisins munu samningsaðilar taka upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Ef gerðar eru almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til tiltekens málaefnasviðs þá er ráðuneytinu heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk samningsaðila.

#### **7. gr.**

##### **Stjórn Fab Lab Reykjavík**

Hver samningsaðili tilnefnir einn fulltrúa og einn varamann í stjórn Fab Lab Reykjavík. Varamenn geta setið fundi en hafa ekki atkvæðisrétt ef viðkomandi fulltrúi mætir einnig. Stjórnin útfærir nákvæma fjárhagsáætlun um stofn- og rekstrarkostnað til samþykkis fyrir samningsaðila. Stjórn samþykkir starfsáætlun fyrir Fab Lab Reykjavík. Skólameistari FB skal vera formaður stjórnar.

#### **8. gr.**

##### **Markmiðssetning, árangursmat og eftirlit með rekstri**

Stjórn Fab Lab Reykjavík skilgreinir markmið starfseminnar og gerir grein fyrir hvaða mælikvarðar verða metnir til árangurs. Til að fá samanburðarhæfar upplýsingar um starfsemi smiðja um allt land verða skilgreindir lykilmælikvarðar sem gera þarf grein fyrir í ársuppgjörum.

Forstöðumaður Fab Lab Reykjavík gerir tillögu til stjórnar um starfsáætlun, verkefni og framkvæmd og fylgir eftir ákvörðunum stjórnar. Stjórn samþykkir ítarlega fjárhags- og rekstraráætlun fyrir upphaf hvers starfsárs. Niðurstöður reksturs og árangursmats skulu birtar í árlegri skýrslu stjórnar fyrir 15. febrúar hvert ár. Jafnframt skal birta skýrslu stjórnar frá sama tíma á vef Fab Lab Reykjavík.

#### 9. gr.

##### Svæðisbundið samstarf

Heimilt er að semja við fleiri aðila um þátttöku og samstarf um rekstur smiðjunnar s.s. hlutdeild í launa- og rekstrarkostnaði. Stjórn Fab Lab Reykjavík hefur frumkvæði að því að afla nýrra samstarfsaðila og annast samninga við þá.

#### 10. gr.

##### Samningstími

Samstarfsamningurinn gildir til þriggja ára, til ársloka 2026. Samningurinn leggur engar kvaðir á samningsaðila um framhald verkefnisins að samningstíma liðnum. Það er þó ásetningur samstarfsaðila að halda samstarfinu áfram til lengri tíma þannig að stafrænar smiðjur séu hluti af nýsköpunarþjónustu svæðisins.

#### 11. gr.

##### Breytingar og uppsögn

Ekki er hægt að breyta þessum samningi nema með skriflegu samkomulagi samningsaðila. Ekki er heimilt að framselja þennan samning. Um þátttöku annarra aðila, ef til kemur, skal samið sérstaklega með vísan til þessa samnings, sbr. 2. málsgrein 5. greinar.

Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining sem upp kann að koma vegna efnis þessa samnings. Takist þeim það ekki skal Héraðsdómur Reykjavíkur skera úr um ágreininginn.

Heimilt er að rifta samningi þessum ef talið er að um verulegar vanefndir sé að ræða. Ávallt skulu lögmæt sjónarmið vera skilyrði fyrir riftun samningsins.

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, [dags.] 2024

F.h. Reykjavíkurborgar,  
Einar Þorsteinsson, borgarstjóri

F.h. háskóla-, iðnaðar og  
nýsköpunarráðuneytisins,  
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra

F.h. mennta- og barnamálaráðuneytisins,  
Ásmundur Einar Daðason, ráðherra

F.h. Fjölbrautaskólans í Breiðholti,  
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari

## Samstarfsyfirlýsing

um rekstur stafrænnar smiðju, FabLab Reykjavík, í húsnæði FB, Austurbergi 5

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (HVIN), mennta- og barnamálaráðuneyti (MRN), Reykjavíkurborg og Fjölbrotaskólinn í Breiðholti (FB), hér eftir nefndir samstarfsaðilar, lýsa yfir vilja til áframhaldandi samstarfs til að tryggja rekstur stafrænu smiðjunnar, Fab Lab Reykjavík, með árlegum framlögum og efla þannig þá nýsköpunarhugsun og frumkvöðlastuðning sem smiðjur af þessu tagi veita nemendum og kennurum á öllum skólastigum, frumkvöðlum, fyrirtækjum og almenningi. Verkefnið styður við nýsköpunaráherslu stjórnvalda og tengist eflingu starfsmenntunar og stafrænnar hæfniuppbyggingar samkvæmt Menntastefnu 2030, en mikil áhersla er lögð á innleiðingu kennsluaðferða á grundvelli STEM og STEAM aðferðafræði við fræðslu og kennslu. Stefnt er að því að tengja stafrænar smiðjur enn betur við aðra lykilaðila á sviði menntunar, rannsókna, menningar og atvinnulífs og auka þannig yfirsýn yfir nýsköpunarumhverfi á hverjum stað.

Með þessari samstarfsyfirlýsingu, sem gildir til ársloka 2026, er dreginn fram sameiginlegur skilningur á mikilvægi þess hlutverks Fab Lab Reykjavíkur að auka þekkingu og leikni nemenda, kennara, almennings og innan atvinnulífs á persónumiðaðri nýsköpunarvinnu og stafrænum framleiðsluaðferðum á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfið styður við þátttöku og áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, aukið tæknilæsi og aðgengi að skapandi vinnuumhverfi. Sérstök áhersla er lögð á að smiðjan sjái um framkvæmd nýsköpunarkeppna og hraðla í samstarfi við skóla sbr. MEMA. Fab Lab Reykjavík mun einnig veita nemendum og kennurum úr öðrum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu, fyrirtækjum og nærsamfélagi þjónustu með þróun og prófun hugmynda á frumstigi með það að markmiði að efla nýsköpun og samkeppnishæfni.

FB ber ábyrgð á starfseminni og hefur umsjón með daglegum rekstri Fab Lab Reykjavíkur. Skólinn ásamt Reykjavíkurborg og HVIN tilnefna einn aðalman og einn varamann í stjórn Fab Lab Reykjavíkur. Stjórn samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun um stofn- og rekstrarkostnað og sér til þess að rekstraryfirlit sé birt. Skólameistari FB skal vera formaður stjórnar. Stjórn gerir með sér samstarfssamning um nánari skilgreiningu á ábyrgð, hlutverki og fjárhagslegri aðkomu hvers aðila að rekstrinum. Þá ákveður stjórn útfærslu á lykilmælikvörðum.

Stefnt er að því að veita 40,5 milljónir á ári til rekstursins til næstu þriggja ára. MRN leggur til 10 m.kr., HVIN leggur til 14 m.kr. og Reykjavíkurborg leggur til 16,5 m.kr. Þar að auki greiðir HVIN í upphafi samningstímans 2.000.000 m. kr. til smiðjunnar. Upphæðin er ætluð til tækjakaupa og / eða þjálfunar starfsfólks í notkun á nýrri tækni og skal nýtt á samningstímanum. Gera skal grein fyrir hvernig upphæðin er nýtt í ársskýrslum.

FB leggur til aðstöðu og heldur utan um starfsemina sbr. nánar í samstarfssamningi aðila. Þar er einnig gerð ítarlegri grein fyrir eftirfylgni með gæðum starfsins, uppsagnarákvæðum og fyrirvara um að framlög hvers árs ákvarðist af fjárlögum.

Samstarfsyfirlýsing þessi er undirrituð rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni hennar og hafa fullt umboð til að staðfesta hana með undirritun sinni.